

## VIÐ ERUM LENTIR

*d* *a*  
Við svífum seglum þöndum,  
*g* *d*  
við svífum beint frá ströndum,  
*g* *d*  
gegnum stjörnumorið,  
*a* *a7*  
vestur Vetrarbraut.

*d* *a*  
Við steyptumst beint úr lofti  
*g* *a*  
eins og helikopti.

*g* *d*  
Við miðuðum á fastland  
*a* *d*  
sem reyndist vera Ísland.

*a*  
Við sigldum himinhafið

*g* *d*  
gegnum stjörnukafið,

*g* *d*  
Hattur og Fattur,

*a* *a7* *d*  
til að hitta þig.

*d* *em7* *a* *d*  
Við erum mættir á fjögurra hjóla furðuvagni

*em7* *a* *d*  
með feitan kött sem var skírður Jakob Magni,

*em7* *a* *d*  
og pott og pönnu til að sjóða, spæla og steikja:

*bm a g a d*  
Hattur og Fattur komir á kreik!

*bm a g a d*  
Hattur og Fattur komnir á kreik!

Við eigum lúður til að hrekja burt skýjabakka  
og undrafiðlu sem mun gleðja krakkalakka.

Og fjóra stóla sem allir standa á einum fæti:

Hattur og Fattur komnir á kreik!

Hattur og Fattur komnir á kreik!

Við erum lentir með pompi og prakt á Austurvelli  
og Fattur dregur upp lútu sína í einum hvelli,

og við kyrjum svo hátt að heyrist um allan bæinn:

Hattur og Fattur komnir á kreik!

Hattur og Fattur komnir á kreik!

## VÖGGUVÍSA HATTS OG FATTS

*am e am*  
Stjörnuaugu opnast á himninum  
*f g c e*  
helmingur mannkyns sefur.  
*d am*  
ó, enginn,  
*d am*  
ó, enginn,  
*f g e am*  
enginn má annan meiða.

*am e am*  
Fattur ég er feginn að þekkja þig  
*f g c e*  
þú hlærð svo innilega.  
*d am*  
Ó, enginn,  
*d am*  
ó, enginn,  
*f g e am*  
enginn má annan meiða.

*c7 f*  
Hattur þú ert kaldur fyrir  
*fm*  
með þitt kattardýr.  
*d am*  
Ó, enginn,  
*d am*  
ó, enginn,  
*f g e am*  
enginn má annan meiða.

Hver á sér betri vin  
með betri sál?  
Hver ber mér jafn vel sögu?  
Ó, enginn,  
ó, enginn,  
enginn má ykkur meiða.

Sofið þið nú sætt og rótt,  
það er niðdimm nótt.  
Ó, enginn,  
ó, enginn,  
enginn má ykkur meiða.

## ÞAÐ Hafa ALLIR HnÖppum að Hneppa

*a e*  
Það hafa allir hnöppum að hneppa.

*a e*  
Það þarf að skunda, skjótast og skreppa.

*a e*  
Það verður að æða til annarra landa.

*a e*  
Það þarf að flokka, greina og blanda.

*f a*  
Boðorðið það virðist vera kalt.

*f a e*  
Þeir segja hér á jörðu allt er falt.

*a e*  
Við förum í sjónvarp, útvarp og Iðnó.

*a e*  
Við skruppum á tónleika, tombólu og bingó.

*a e*  
Við flettum bókum, blöðum og klæðum.

*a e a*  
Við leituðum álots hjá fressum og læðum.

*f a*  
Boðorðið það virðist vera kalt.

*f a*  
Þeir segja hér í heimi allt er falt.

*e a*  
Við neitum hreinlega að taka í mál

*e a*  
að þurfa að selja líkama og sál  
*d c#m bm a e*  
fyrir kjötbíta, kartöflu og saltaðan þorsk.

Það þarf að rápa í búðir og banka.

Það þarf að hengja alla upp á hanka.

Þeir hafa breytt jafnvel brosinu í vöru,  
auglýsa gimsteina, fiður og tjöru.

Við neitum hreinlega að taka í mál

að þurfa að selja líkama og sál  
fyrir kjötbíta, kartöflu og saltaðan þorsk.

## SUNDFERÐ

*g f*  
Ég ætlaði að fara að synda,

*g f*  
synda í hreinum sjó.

*g* *f*  
Ég ætlaði að fara að synda,  
*a# c d*  
synda í friði og ró.

*g* *f*  
En sjórinn reyndist kaldur,  
*g f*  
kaldur eins og ís.

*g* *f*  
Sjórinn reyndist kaldur,  
*a# c d*  
hárið á mér rís.

*em h c d*  
Ég held ég fari heldur,  
*em h c d e*  
ég held ég fari heldur út í laug,  
*c bm am d g*  
út í hana Vesturbæjarlaug,  
*c bm am d g*  
já, út í hana Vesturbæjarlaug.

Fyrst fer ég í sturtu,  
sturta mig hátt og lágt,  
þvæ mér öllum utan  
svo vatnið verður grátt.  
Ég klæði mig í skýlu  
því það er skylda hér.  
Þeir segja að það sé bannað  
að synda alveg ber.

Það jafnast engin önnur,  
það jafnast engin önnur laug  
á við hana Vesturbæjarlaug,  
á við þessa Vesturbæjarlaug.

Það er alveg stórgott  
að synda hér í spekt.  
Mér líður eins og hnísu  
sem ekki ert amalegt.  
Ég syndi fram og aftur  
og eitthvað út á hlið.  
Ég syndi út í enda og sný svo bara við.

Það jafnast engin önnur,  
það jafnast engin önnur laugar  
á við hana Vesturbæjarlaug,  
á við þessa Vesturbæjarlaug.

## ALLIR EIGA DRAUMA

*c g am f*  
Allir eiga drauma um að vera eitthvað annað  
*fm a# c*  
en þeir eru í raun og veru.

*c g am f*  
Allir eiga drauma um að vera eitthvað annað  
*fm a# c*  
en þeir eru í raun og veru.

*am g f g*  
Það var einu sinni steinbítur  
*am g f g*  
sem dreymdi um að verða naglbítur.

*c d f g*  
Það var einu sinni skjaldbaka  
*c e7 am fm fm7*  
sem dreymdi um að verða tvíbaka.

*c g am f*  
Því allir eiga drauma um að vera eitthvað annað  
*fm a# c*  
en þeir eru í raun og veru.

*c g am f*  
Allir eiga drauma um að vera eitthvað annað  
*fm a# c*  
en þeir eru í raun og veru.

Það var einu sinni jólatré  
sem dreymdi um að verða herðatré.  
Það var einu sinni hlébarði  
sem dreymdi um að verða hjólbarði.

Því allir eiga drauma um að vera eitthvað annað  
en þeir eru í raun og veru.  
Allir eiga drauma um að vera eitthvað annað  
en þeir eru í raun og veru.

Það var einu sinni pottormur  
sem dreymdi um að verða höggormur.  
Það var einu sinni sendisveinn  
sem dreymdi um að verða jólasveinn.

Því allir eiga drauma um að vera eitthvað annað  
en þeir eru í raun og veru.  
Allir eiga drauma um að vera eitthvað annað  
en þeir eru í raun og veru.

## TÆRNAR

*c g am/am7*  
Vissir þú að tærnar eru tíu,  
*f c g g7*  
teldu þær og sjáðu: það er satt!  
*c g am/am7*  
Ef ein er dregin frá þá eru þær níu,  
*f g c*  
og þessi eina hún ber pípuhatt.

*Am am7 am6 dsus4*

Tærnar, tærnar!

*dm g c a7*  
Vissir þú að tærnar hafa neglur,  
*dm g c a7*  
að tærnar búa við mjög strangar reglur,  
*dm g c a7*  
að tærnar fara oftast á undan þér?  
*f e7 am am/g*  
Já, já, já,  
*f e7 am am/g*  
já, já, já,  
*f g c*  
– nema þú gangir aftur á bak!

Margt er líkt með mönnunum og tánum,  
mönnunum þykir ósköp vænt um sig.  
Ef þú vilt kynnast betur þessum kjánum  
þá komdu hér og hlustaðu á mig.  
Tærnar, tærnar!  
Tærnar fara í fýlu eins og þú og ég,  
tærnar arka í bræði niður Laugaveg,  
tærnar elska gróðurmold og grasið grænt.  
Já, já, já – þetta er alveg tárétt!

Tærnar búa í býsna skrítnum húsum,  
bíddu við og heyrðu allt um það.  
Sumar búa í strigaskóm með músum  
aðrar fara í stígvélum í bað.  
Tærnar, tærnar!  
Tærnar búa í randsaumudum leðurhöllum,  
tærnar velkjast um á gömlum tréhnöllum,  
tærnar eru alveg að soðna í sundur.  
Já, já, já – gatan er löng en táin stutt.

## BLIKKBELJUR

*c* *d*  
Mér er sagt að upp'í sveit  
*c* *d*  
verði sólin undurheit,  
*c* *d*  
þar líkist tunglið hvítri geit,  
*d7* *g* *em*  
þar gangi kötturinn á ská,  
*g* *em*  
þar séu hænsnin alveg hrá,  
*g* *em d#*  
og jafnvel hrafninn segi: Já!  
*d* *c* *g* *c*  
En hér í borg sjást ekkert nema blikkbeljur  
*d* *c* *g* *c*  
og í staðinn fyrir grasið vaxa grjóthellur  
*d* *c* *g*  
og krakkarnir þeir jórtra karamellur.

*g* *c* *d*  
Við eigum heima í borg  
*c* *d*  
þar sem bílar reka upp org,  
*c* *d*  
þar sem grösin falla úr sorg,  
*d7* *g* *em*  
þar sem hundar missa allt vit,  
*g* *em*  
þar sem hænsnin eru í lit,  
*g* *em d#*  
þar sem kötturinn verður bit.  
*d* *c* *g* *c*  
En hér í borg sjást ekkert nema blikkbeljur  
*d* *c* *g* *c*  
og í staðinn fyrir grasið vaxa grjóthellur  
*d* *c* *g*  
og krakkarnir þeir jórtra karamellur.

Við viljum eiga borg  
þar sem enginn deyr úr sorg,  
þar sem strákar fást við dorg,  
þar sem berin vaxa blá,  
þar sem kötturinn segir mjá,  
þar sem rokið líður hjá.

## ALLUR Á IÐI

*e7* *a*  
Ég get bara ekki setið á rassinum í allan dag!  
*e7* *a*  
Jafnvel þó að jurtafræði sé yndislegt fag.  
*g d a*  
Ég er lifandi, lifandi, alveg sprellifandi  
*f g a*  
og ég get ekki staðið í stað!  
*e7* *a*  
Ég er fæddur til að dansa, ég er fæddur til að hreyfa mig!  
*e7* *a*  
Meðan aðrir eru að pæl í hvernig þeir geti hamið sig.  
*g d a*  
Ég er lifandi, lifandi, alveg sprellifandi  
*f g a*  
og ég get ekki staðið í stað!  
*d e a d e a*  
Allur á iði, allur á iði  
*f g a*  
ef ég heyri réttan tón!

Ég er óvart fæddur til að hreyfa hönd og fót!  
Og ég líð engum skunkum að troða mér í staðlað mót!  
Ég er lifandi, lifandi, alveg sprellifandi  
og ég get ekki staðið í stað!

Allur á iði, allur á iði ef ég heyri réttan tón!

## ÞAÐ ER SVO GAMAN AÐ VERA Í SKÓLA

*c g am am/g*  
Það er svo gaman að vera í skóla,  
*f dm g*  
sérstaklega á milli nýárs og jóla.  
*c g am am/g*  
Það er svo gaman að vera í skóla,  
*f dm g*  
sérstaklega á milli nýárs og jóla.  
*f c am*  
Það er svo gaman að vera í skóla,  
*f c am*  
það er svo gaman að vera í skóla,  
*f c a7*  
það er svo gaman að vera í skóla  
*d7 g7 c*  
á milli nýárs og jóla.



Það er svo gaman í kaldri sturtu  
ef leikfímikennarinn er langt í burtu.  
Það er svo gaman í ískaldri sturtu  
ef leikfímikennarinn er langt, langt í burtu.  
Það er svo gaman í kaldri sturtu,  
það er svo gaman í kaldri sturtu,  
það er svo gaman í kaldri sturtu  
ef kennarinn er langt í burtu.

Við bíðum eftir því á hverjum degi  
að skólastjórinn kom inn í bekkinn og segi:  
“Því miður börnin mín er kennarinn veikur”!  
Þá brýst út endalaus gleðileikur.  
Það er svo gaman að vera í skóla,  
Það er svo gaman að vera í skóla,  
Það er svo gaman að vera í skóla  
ef þú situr á milli stóla.

Við lærum nógu snemma að reika og skrifa,  
en sumir læra aldrei að syngja og lifa.  
Við lærum nógu snemma að syngja og skrifa,  
en sumir læra aldrei að syngja og lifa.  
Það er svo gaman að reikna og skrifa,  
það er svo gaman að reikna og skrifa,  
það er svo gaman að reikna og skrifa  
ef þú kannt að syngja og lifa.

## HVERS VEGNA HÚKIRÐU

*em d c g*  
Hvers vegna húkirðu þarn' úti horni  
*em d c g*  
í stað þess að sitja hjá okkur hér?  
*em d c g*  
Hver vegna húkirðu þarn' úti horni  
*em d c dg*  
með fýluna drjúpandi af nefin' á þér?  
*em d*  
Heldurðu að við bitum þig,  
*c g*  
heldurðu að við grýtum þig,  
*em d c dg*  
heldurðu kannski að við köstum skít í þig?  
*a d a*  
Nei, hertu þig upp og hresstu þig við,  
*f e*  
hláturinn blundar í brjóstinu á þér.  
*a d a*  
Við krefjumst þess að okkar kennaralið

*f*  
komi í leikinn, hlæi og hoppi,  
*e* *e7*  
syngi og tralli, skríði og dansi!

Ef þú vilt kenn'okkur eitthvað um lífið,  
þú verður að sanna að líf sé í þér.  
Ef þú vilt kenn'okkur eitthvað um lífið,  
þú verður að læra að skemmta þér.

Heldurðu að við bítum þig,  
heldurðu að við grýtum þig,  
heldurðu kannski að við köstum skít í þig?  
Við krefjumst þess að okkar kennaralið  
komi í leikinn, hlæi og hoppi,  
syngi og tralli, skríði og dansi!

Séð'ekki að sólin hún lýsir upp heiminn?  
Leyfð'enni að lýs'inn í hausinn á þér.  
Sérð'ekki að grösin þau vax'út í geiminn?  
Greyið láttu þau vax'upp úr skóum hjá þér.  
Heldurðu að við bítum þig,  
heldurðu að við grýtum þig,  
heldurðu kannski að við köstum skít í þig?  
Nei, hertu þig upp og hresstu þig við,  
hláturinn blundar í brjóstinu á þér.  
Við krefjumst þess að okkar kennaralið  
komi í leikinn, hlæi og hoppi,  
syngi og tralli, skríði og dansi!

## MORGUNMATUR

*g*  
Það er kominn morgunn, Fattur,  
*c*  
mikið er ég svangur.  
*g*  
Engan skaltu matinn fá,  
*c*  
þú ert nógu langur.  
*bm*  
Nema þú sækir,  
*am* *g*  
nema þú sækir skyr í skál og mjólk í könnu  
*am* *c* *d*  
og egg til að spæla á heitri pönnu.

*g*  
Það gaula í mér garnirnar,

*c*

ég gerist ógnar svangur.

*g*

Engan skaltu matinn fá,

*c*

þú ert nógu langur.

*bm*

Nema þú sækir,

*am*

*g*

nema þú sækir eitthvað til að slökkva þorsta,

*am*

*c*

*d*

harðfiskbita og tvo mygluosta.

*c*

*g*

Fattur finnst þér ekki lauksúpa góð,

*d*

*g*

*g7*

fiskur steiktur upp á grískan móð,

*c*

*g*

*g7*

kjúklingaragú og kartöflumús,

*am*

*c*

*d*

karrisósa og sultulús?

Það er kominn matur, Fattur,

mig langar að fara að narta.

Engan skaltu matinn fá

þótt þú sért að kvarta.

Nema þú sækir,

nema þú sækir skyr í skál og mjólk í könnu

og egg til að spæla á heitri pönnu.

## SNJÓR

*d*

*f#m*

*em7/c/a*

Sjáðu bara, það er farið að snjóa!

*d*

*f#m*

*em7*

*c a*

Loftið er allt orðið skjanna hvítt.

*c*

*f#m*

*em7 c a*

Sjáðu bara það er farið að snjóa.

*d*

*f#m*

*em7*

*c a*

Esjan er allt í einu snjaka hvít!

*d*

*a*

Snjór, snjór og meiri snjór,

*g*

*d*

ekkert nema hvítur snjór.

*d*

*a*

Snjór, snjór og meiri snjór,

*g*

*bm f#m em7 c a*

ekkert nema drif fann hvítur snjór!

Sjáðu bara hvernig snjórinn fellur  
eins og hvítur lagður af himninum.  
Sjáðu bara hvernig snjórinn fellur,  
borgin okkar tekur hamskiptum.

Snjór, snjór og meiri snjór,  
ekkert nema hvítur snjór.  
Snjór, snjór og meiri snjór,  
ekkert nema drif fann hvítur snjór!

Sjáðu hvernig snjónum hleður niður!  
Skaflinn þarna minnir mig á hvítan fil.  
Sjáðu hvernig snjónum hleður niður,  
bráðum getur hvergi að líta dökkan díl.

Snjór, snjór og meiri snjór,  
ekkert nema hvítur snjór.  
Snjór, snjór og meiri snjór,  
ekkert nema drif fann hvítur snjór!

## JÓLAGÆSIN

*d h7 e7 a*

Jólagæsin ilmar.

*d h7 e7 a*

Það er hlýtt og gott í húsunum.

*d h7 e7 a*

Jólatréð er sígrænt.

*d h7 e7 a*

Og það er úrvals öl á krúsunum.

*f# f#7 h bm*

Jólakortin skriða inn um bréfalúgurnar.

*e e7 a a-aug*

Jólasveinar setja upp rauðu húfurnar.

*fis fis7 h bm*

Jólasnjórinn fellur eins og vera ber.

*e e7 a a-aug*

Jólafrostið herðir til að geðjast mér.

Jóalögin óma.

Það er gjafahrúga á gólfinu.

Jólasveinar skemmta.

Og það er úrvals ís í frystihólfinu.

Jólakveðjur æða gegnum útvarpið til þín.

Jólaljósflóðið glitrar bæði og skín.

Jólabækur baða sig í búðargluggunum.

Jólakettir flýja burt með skuggunum.

Jólaskapið blívur  
þótt jólin séu liðin hjá.  
Systkinin með kveisu,  
pabbi og mamma ekki sjón að sjá.

Jólagæsin er nú ekkert nema bein.  
Jólapappírinn fýkur út um allan heim.  
Jólagottið loðir við hverja þína tönn.  
Jólakötturinn flytur sig aldrei nema um spönn.

## VÖGGUVÍSA

*am e am*  
Stjörnuaugun opnast á himninum.

*f g c e*  
Helmingur mannkyns sefur.

*d am d am*  
Ó, enginn, ó, enginn,

*f g e am*  
enginn má annan meiða.

*am e am*  
Veröldin hún þagnar allt verður hljótt,

*f g c e*  
vindurinn leggst til hvílu.

*d am d am*  
Ó, enginn, ó enginn,

*f g e am*  
enginn má annan meiða.

*c7 f*  
Sofið þitt nú sætt og rótt,

*fm*  
það er niðdimm nótt.

*d am d am*  
Ó, enginn, ó, enginn,

*f g e am*  
enginn má annan meiða.

Þó að skjótist fyrir skuggaher  
skulum við ykkar gæta.

Ó, enginn, ó, enginn,  
enginn má ykkur meiða.

Sofið þið nú sætt og rótt,  
það er niðdimm nótt.

Ó, enginn, ó, enginn,  
enginn má ykkur meiða.

## LOKALAG

*g#m7/gm7/f#m7 b e*

Læ, læ, læ, þetta er lokalag.

*g#m7/gm7/f#m7 b e*

Læ, læ, læ, þetta er lokalag.

*a e*  
Í von um að þið hafið það öll gott

*a e*  
og stundið ofurlítinn andlitsþvott

*a e*  
og dettið öll í stóran lukkupott

*a b c d e*  
við leyfum okkur að syngja lokalag.

Læ, læ, læ, þetta er lokalag.

Læ, læ, læ, þetta er lokalag.

Í von um að þið hugsið eitthvað hlýtt,

í von um að þið lærið eitthvað nýtt

og spáið í hvað lífið getur þýtt

þá leyfum við okkur að syngja lokalag.

Læ, læ, læ, þetta er lokalag.

Læ, læ, læ, þetta er lokalag.

Í von um að þið étið hafragraut

og hagið ykkur ekki eins og naut

við leyfum okkur að syngja lokalag.

Læ, læ, læ, þetta er lokalag.

Læ, læ, læ, þetta er lokalag.

Í von um að þið hafið það öll gott

og stundið ofurlítinn andlitsþvott

og dettið öll í stóran lukkupott

við leyfum okkur að syngja lokalag.